



Reykjavík, 22. maí 2024

MSS24020005

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um manneklu í leikskólum

Á fundi borgarráðs, 1. febrúar 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Hvað er skóla- og frístundasvið/ráð að gera um þessar mundir til að leysa mannekluvanda leikskóla? Hefur verið kannað hvað veldur því að mannekla er meira vandamál í sumum leikskólum en öðrum? Er verið að umbuna þeim leikskólum þar sem lítil eða engin starfsmannavelta er? Nýlega var ráðinn mannauðsstjóri til viðbótar við þá átta sem fyrir voru. Hefur þessi nýja staða hefur haft áhrif á mannekluvanda leikskóla? Hvað hefur Afleysingastofu tekist að ráða marga starfsmenn í leikskóla síðasta ári?*

Greinargerð fylgdi fyrirspurninni.

#### Svar:

Upplýst er um að frá hausti 2023 hefur verið unnið að umfangsmiklu verkefni sem lýtur að heildstæðri ráðgjöf og stuðningi til leikskóla með megináherslu á mönnun. Í þeirri vinnu felst m.a. að greina hvaða þættir hafa áhrif á stöðu mönnunar í einstaka leikskólum og að bregðast við með stuðningi og ráðgjöf þar um. Í því samhengi má nefna greiningar, stuðning og ráðgjöf varðandi starfsauglýsingar, ráðningar, móttöku nýliða, viðverustjórnun vegna langtíma- og skammtímaveikindafjarveru, heilsueflingu og bætt samskipti ásamt því að efla deildarstjóra leikskóla í sínu starfi sem stjórnendur.

Ekki er um að ræða að eiginleg umbun sé veitt þeim leikskólum sem eru með litla starfsmannaveltu en ljóst að umbunin felst í þeim fjölmörgu ábötum sem slíkt hefur í för með sér, svo sem stöðugleika og minna álagi og minni vinnu tengdri ráðningum og þjálfun nýs starfsfólks.

Bent er á að ekki var um að ræða ráðningu mannauðsstjóra heldur mannauðsráðgjafa í mannauðsþjónustu skrifstofu skóla- og frístundasviðs sem heyra undir mannauðsstjóra sviðsins. Sú viðbót var vissulega mikill fengur og hefur nýst vel í fyrrgreindu leikskólaverkefni sem nú er í fullum gangi.

Varðandi ráðningar í gegnum Afleysingastofu er upplýst um að árið 2023 voru tæplega 50 ráðningar samtals og stærstur hluti þessara ráðningar var í leikskóla.



Reykjavík